FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þann 11. nóvember 2026 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins að Túnbraut 1-3 og hófst hann kl. 16:30.

Á fundinn voru mætt Ragnheiður Erla Stefánsdóttir (RES) oddviti, Eydís Inga Sigurjónsdóttir (EIS) varaoddviti, Vigdís Elva Þorgeirsdóttir (VEÞ), Ragnar Rögnvaldsson (RR) og Davíð Birkir Tryggvason (DBT).

Jafnframt sat Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ) sveitarstjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarfólk velkomið og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og telst fundurinn því lögmætur.

Sveitarstjóri óskaði eftir því að fá að taka á dagskrá tvö mál er varða samning við Skagastrandardeild Rauða krossins varðandi leigu húsnæðis fyrir slökkvilið að vallarbraut 4, Skagaströnd og kjörgengi fulltrúa í sveitarstjórn. Þá óskaði EIS eftir því að skipan fulltrúa B-lista í atvinnu- og ferðamálanefnd yrði tekin á dagskrá. Var þetta allt samþykkt og verða þau tekin fyrir sem dagskrárliðir 12, 13 og 14 á fundinum. Aðrir dagskrárliðir færast aftar sem því nemur.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2027 og þriggja ára áætlun 2028-2030
Drög að fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagastrandar fyrir árið 2027 og þriggja ára áætlun áranna 2028-2030 lögð fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn. Jafnfram liggur fyrir tillaga sveitarstjóra um að hundraðshluti útsvarshlutfalls árið 2027 verði 14.97% í samræmi við 1. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Til máls tóku: ÓÞÓ, RES, VEÞ, EIS, RR, DBÓ.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa fjárhagsáætlun fyrir árið 2027 og þriggja ára áætlun áranna 2028-2030 til síðari umræðu í sveitarstjórn, sem fer fram 9. desember 2026.
Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að hundraðshluti útsvarshlutfalls árið 2027 verði 14.97% í samræmi við 1. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

2. Fjárhagsáætlun 2026, 9. mánaða uppgjör
Uppgjör vegna reksturs fyrstu 9 mánuða ársins, unnið af KPMG, lagt fram.

Til máls tóku: ÓÞÓ.

Lagt fram.

3. Fjárhagsáætlun 2026, viðaukar
Afgreiðslu máls er frestað til næsta reglubundna fundar sveitarstjórnar.

Til máls tóku: ÓÞÓ.

4. Heimasíða Sveitarfélagsins Skagastrandar
Verkefnislýsing og tilboð frá Stefnu vegna uppsetningar á nýjum vef fyrir Sveitarfélagið Skagaströnd send 30.10.2026. Fyrir liggur að núverandi kerfi er orðið úrelt og verður ekki þjónustað frá og með næstu áramótum. Þá liggur fyrir að Stefna er núverandi þjónustuaðili heimasíðu sveitarfélagsins.

Til máls tóku: ÓÞÓ, VEÞ, RES, EIS, DBT, RR.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka tilboði Stefnu vegna uppsetningar á nýjum vef fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjóra er falið að ganga frá samningi við Stefnu vegna þessa sem verður lagður fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Gert verður ráð fyrir kostnaði vegna þessa í fjárhagsáætlun ársins 2027.

5. Samgöngu- og innviðanefnd Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
Erindi frá framkvæmdastjóra SSNV dags. 15.10.2026 varðandi tilnefningu fulltrúa í samgöngu- og innviðanefnd SSNV. Mál áður á dagskrá fundar sveitarstjórnar sem fór fram 14.10.2026.

Til máls tóku: RES.

Sveitarstjórn samþykkir að Ragnar Rögnvaldsson og Eydís Inga Sigurjónsdóttir séu tilnefnd sem fulltrúar í samgöngu- og innviðanefnd SSNV í samræmi við bókun sveitarfélagsins á fundi 14.10.2026.

6. Rekstur tjaldsvæðis
Erindi frá Landamerki ehf. dags. 23.10.2026 varðandi rekstur tjaldsvæðis á Skagaströnd. Í erindinu er m.a. óskað eftir viðræðum um gerð nýs samnings vegna reksturs tjaldsvæðisins.

Til máls tóku: ÓÞÓ, RES, EIS, VEÞ, RR, DBT.

Sveitarstjórn samþykkir með 4 greiddum atkvæðum að teknar verði upp viðræður við Landamerki ehf. um áframhaldandi rekstur fyrirtækisins á tjaldsvæði Skagastrandar. Samningur verði lagður fyrir sveitarstjórn til staðfestingar þegar hann liggur fyrir.
RR situr hjá við afgreiðslu málsins.

7. Öldungaráð
Erindi frá Erindi frá Félagi eldri borgara í Húnaþingi dags. 29.10.2026 þar sem greint er frá tilnefningu fulltrúa í öldungaráð. Sveitarstjórn gerði samhljóða eftirfarandi bókun vegna málsins:

> Sveitarstjórn Sveitarfélgsins Skagastrandar fagnar þeim tilnefningum sem borist hafa frá Félagi eldri borgara í öldungaráð sveitarfélagsins. Mikilvægt er að eldri íbúar hafi öflugan vettvang til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og taka þátt í umræðu um málefni sem þá varða.
>
> Sveitarstjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að starfandi öldungaráð sé í samfélagi eins og Skagaströnd, þar sem samráð, reynsla og þekking eldri borgara eru dýrmætur þáttur í uppbyggingu og þróun sveitarfélagsins.

Til máls tóku: RES, EIS, DBT, RR, VEÞ, RR.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að hefja undirbúning að samþykktum öldungaráðs og leggja fyrir sveitarstjórn til umfjöllunar og staðfestingar. Skipan ráðsins mun byggja á þeirri samþykktum þegar þær liggja fyrir.

8. Hafnarlóð 9
Drög að viljayfirlýsingu á milli Sveitarfélagsins Skagastrandar og West fasteignarfélags ehf. vegna uppbyggingar hótels og sundlaugar lögð fram.

Til máls tóku: ÓÞÓ, RES, VEÞ, RR, EIS, DBT.

Lagt fram. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipaður verði þriggja manna starfshópur sem vinni verkefnið áfram fyrir hönd sveitarfélgsins. Í þeim hópi verði sveitarstjóri ásamt Eydísi I. Sigurjónsdóttur og Ragnari Rögnvaldssyni. Þeim starfshópi er falið að vinna áfram í verkefninu með fulltrúum West fasteignafélags ehf.

9. Framkvæmdahópur farsældaráðs
Skipan fulltrúa Sveitarfélagsins Skagastrandar í framkvæmdahóp Farsældarráðs Norðurlands vestra.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri, taki sæti í framkvæmdahópi farsældaráðs fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagastrandar.

10. Stjórn Náttúrustofu Norðurlands vestra
Erindi frá forstöðumanni Náttúrustofu Norðurlands vestra dags. 19.10.2026 varðandi skipan fulltrúa Sveitarfélagsins Skagastrandar í stjórn NNv.

Til máls tóku: ÓÞÓ.

Sveitarstjórn samþykkir með fjórum greiddum atkvæðum að Ragnheiður Erla Stefánsdóttir verði skipuð sem fulltrúi Sveitarfélagsins Skagastrandar i stjórn NNv.
RES situr hjá við afgreiðslu málsins.

11. Almenningssamgöngur milli Skagastrandar og Sauðárkróks
Tillaga frá Vigdísi Elvu Þorgeirsdóttur, f.h. K-listans, varðandi eins árs tilraunaverkefni um almenningssamgöngur milli Skagastrandar og Sauðárkróks með það að markmiði að akstur hefjist haustið 2027.

Til máls tóku: VEÞ, ÓÞÓ, RR, EIS, RES, DBT.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fela sveitarstjóra að vinna að verkefninu í samræmi við innihald tillögunnar og leggja minnisblað um málið fyrir sveitarstjórn.

12. Húsnæði fyrir slökkvilið
Samningur milli Skagastrandardeildar Rauða krossins og Sveitarfélagsins Skagastrandar varðandi leigu húsnæðis fyrir slökkvilið að Vallarbraut 4, Skagaströnd.

VEÞ og DBT vöktu athygli á vanhæfi sínu í málinu og samþykkti sveitarstjórn að þau víki af fundi við afgreiðslu málsins.

Til máls tóku: ÓÞÓ, RES, RR, EIS.

Sveitarstjórn staðfestir framlagðan samning samhljóða.

13. Vegna kjörgengis fulltrúa í sveitarstjórn
Varafulltrúi B-lista í sveitarstjórn, Guðlaugur Siggi Hannesson, hefur vakið athygli á því hann hefur misst kjörgengi til setu í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar vegna búsetuflutnings.

Lagt fram. Sveitarstjórn þakkar Guðlaugi fyrir hans framlag til samfélagsins á Skagaströnd og óskar honum velfarnaðar.

14. Skipan fulltrúa í atvinnu- og ferðamálanefnd.
Fyrir liggur að fulltrúi B-lista í atvinnu- og ferðamálanefnd hefur misst kjörgengi til setu í nefndinni.
Vegna þessa leggur B-listi fram eftirfarandi breytingu á fulltrúum listans í nefndinni:
Aðalfulltrúi verði Elín Ósk Ómarsdóttir.
Varafulltrúi verði Elvar Bjarki Gíslason.

Til máls tók: EIS.

Breyting á skipan fulltrúa B-lista í atvinnu- og ferðamálanefnd Sveitarfélagsins Skagastrandar er staðfest samhljóða.

15. Upplýsingagjöf sveitarstjóra
ÓÞÓ fór yfir stöðu ýmissa verkefna, meðal þess sem var rætt var:

- 100 ára afmæli Umf. Fram.
- Staða samstarfsverkefna með öðrum sveitarfélögum.
- Málefni slökkviliðs.
- Málefni hafnar.
- Starfsmannamál.
- Húsnæðismál.
- Jól.
- Atvinna með stuðningi.
- 90 ára afmæli sveitarfélagins 1. janúar 2029.

Til máls tóku: ÓÞÓ, RR, EIS.

Lagt fram.

16. Bréf og erindi
a) Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, dags. 02.11.2026
Varðar útgáfu bæklingsins Verum viðbúin.

Til máls tóku: ÓÞÓ.

Lagt fram.

b) Björgunarbátasjóður Húnaflóa, dags. 20.10.2026
Varðar fjárstuðning vegna kaupa á nýju björgunarskipi.

Til máls tóku: RES, RR, DBT.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að funda með bréfriturum.

c) Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið, dags. 19.10.2026
Varðar könnun til sveitarfélaga um kolefnisstjórnunarverkefni.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Lgat fram.

d) Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, dags. 28.10.2026
Varðar ágóðahlutagreiðslu ársins 2026.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Afgreiðsla.

e) Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagstofnun, dags. 29.10.2026
Varðar endurskoðun húsnæðisáætlanna fyrir árið 2027.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Lagt fram. Vísað til umfjöllunar í hafnar- og skipulagsnefnd.

f) Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 02.11.2026
Varðar frestun endurskoðunar virðismatsvegferðar kennara.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Lagt fram.

g) Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 15.10.2026
Varðar umsagnarbeiðni um 202. mál Loftlagslög.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Lagt fram.

h) Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 05.11.2026
Varðar rammasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og STEFs um höfundaréttargjöld vegna tónflutnings sveitarfélaga.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Lagt fram. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gerður verði samningur milli Sveitarfélagsins Skagastrandar og STEFs á grunni rammasamningsins.

i) Vegagerðin, móttekið 29.10.2026.
Varðar Rannsóknarráðstefnu Vegagerðarinnar sem fór fram í Reykjavík 06.11.2026.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Lagt fram.

j) Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 30.09.2026
Varðar boð um þátttöku í verkefni um miðlæga vöktun á aðgengi á vefjum.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Lagt fram.

17. Fundargerðir
a) Fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar Sveitarfélagsins Skagastrandar, sem fór fram 19.10.2026.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Fundargerðin er lögð fram.

b) Fundargerð hafnar- og skipulagsnefndar Sveitarfélagsins Skagastrandar, sem fór fram 20.10.2026.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Fundargerðin er lögð fram.

d) Fundargerð 124. fundar stjórnar Norðurár bs., sem fór fram 26.10.2026.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Fundargerðin er lögð fram.

e) Fundargerðir stjórnarfunda Samtaka sveitarfélaga á Norðulandi vestra, nr. 144 sem fór fram 22.09.2026, nr. 145 sem fór fram 06.10.2026 og nr. 146 sem fór fram 03.11.2026.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Fundargerðin er lögð fram.

f) Fundargerðir Fagráðs - málefni fatlaðs fólks nr. 53 sem fór fram 27.10.2026 og nr. 54 sem fór fram 29.10.2026.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Fundargerðin er lögð fram.

g) Fundargerð 70. fundar Fagráðs - barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands sem fór fram 05.10.2026.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Fundargerðin er lögð fram.

h) Fundargerðir stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga nr. 99 sem fór fram 24.08.2026 og nr. 100 sem fór fram 21.09.2026.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Fundargerðin er lögð fram.

i) Fundargerðir funda stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 1004 sem fór fram 08.10.2026 og nr. 1005 sem fór fram 30.10.2026.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Fundargerðin er lögð fram.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 20:40.